

Afmælikveðja

Ljóð: Haraldur Stígsson. Lag: Halldór Smáráson, samið fyrir Gígjuna, samband íslenskra kvennakóra, fyrir kóramót á Ísafirði 11.-14. maí 2017.

Ég rakst heim á bæ þinn og sá að þú sast þar með soninn þinn yngsta á kné og raulaðir vísur úr vinsælum kvæðum svo vel að ég dró mig í hlé, en um ykkur ljómaði síðdegissólin og síðan er þessi mynd greipt mér í sinni og gleymist aldrei. Það getur ei verið synd.

Ég staðnæmdist rétt eins og steini lostinn og starði á barnið og þig. Og eitthvað, sem ég hef víst aldrei síðan upplifað kom yfir mig, ruddi sér braut inn í hug minn og hjarta og heldur þar stöðugan vörð, sýnir mér enn gegnum hatur og heimsku himneskan frið á jörð.

Þú raulaðir lögin og laust yfir barnið, ég lagði við hlustir og beið. Og tónarnir minntu á heiðríkju hugans og hamingju draum þinn um leið. Mér þótti sem opnuðust huliðsheimar, svo hljómaði tilveran öll. Og bærinn þinn litli var allt í einu orðinn að konungshöll.

Svo laukst þú við braginn og brostir með aðgát við barninu þínu og mér, og heilsaðir kímileit kyndugum gesti er kaftrjóður svaraði þér, en hvarf því næst álútur eins og í leiðslu út úr bænum og heim. Brekkan hún ljómaði, björgin, þau sungu og blíðviðrið fagnaði þeim.

Lati sígauninn

Ungverskt þjóðlag.

Ljóð: Guðmundur Guðbrandsson.

Úts.: Zoltán Kodaly.

Sígauninn í leti lá lengi. Meira tóbak tuggði þá engi. Skerðu betur skroið mitt, Rúna. Skraufpur tungan heimtar sitt núna.

Skuggann í skreið hann fljótt, skarpur hitinn bagar. Sofa, sofa sætt og rótt, svona líða dagar.

Sólin rís, sólin fer, samviskan ei bagar, sofa, sofa sætt og rótt, svona líða dagar.

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum



Kærar þakkir fyrir hlýjar kveðjur og vinarhug vegna fráfalls og útfarar

Jóns Sveinssonar

Reyni í Mýrdal

Sérstakar þakkir til starfsfólks Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vik og á Selfossi fyrir einstaka umönnun.

Erla Pálsdóttir
Páll Jónsson
Margrét Jónsdóttir
Sigurlaug Jónsdóttir
Sveinn Jónsson
Jónatan G. Jónsson
Guðrún Jónsdóttir
Einar Jónsson
Guðbjörg Jónsdóttir

Barnabörn og barnabarnabörn

M. Sigríður Jakobsdóttir
Sigurjón Árnason
Ólafur Helgason
Jóna Svava Karlsdóttir
Valgerður Guðjónsdóttir
Jón E. Einarsson
Ágústa Bárðardóttir

Verð á Klausturhólum

með alla almenna hársnyrtingu, dagana 15. til 18. ágúst nk.

Tímabantanir í sínum 4874636/8928453 eða á netfangið jss@smart.is

Munið að panta tímanlega.

Kveðja Jóna.

32. TBL. 22. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 10. ÁGÚST 2017



Mýrdalshreppur

Við leikskóla Mýrdalshrepps í Vík eru lausar til umsóknar tvær 100% stöður leikskólakennara:

Vakin er athygli á að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða leiðbeinendur ráðnir í starfið.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Leikskólinn í Vík er tveggja deilda leikskóli með um 32 börn á aldrinum 1 - 5 ára.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðný Guðjónsdóttir S. 487 1241 - 866 5261 netfang: gudny@vik.is

GEFINS.

Hver vill bjarga kassavönum kislórum sem eru fæddir í mars. Þei hafa aldrei fengið að fara út.

Gulla Hörgsdal sími 8624758.



Zuzana Golierova

Rekur Galleríið, GoForFelt og eru gripir hennar allir handsmíðaðir. Hún vinnur mikið úr Vestfirskri ull.

Zuzana kemur frá Slóvakíu þar sem er hefð að halda fenu fyrir ull og mjólk. Hefð að halda sauðfé fyrir ull er hægt og hægt að hverfa úr lífi okkar. Hún reynir að endur-lífga hefðir og áhuga í ullarvörum í Slóvakíu með því að nota nýja tækni við vinnslu heiminn. Þá vinnur hún hatta, hanska, broochs, töskur, scarfs frá ull og silki

Hægt er að sjá á vefsíðunni hvernig og hvað hún vinnur. <http://www.goforfelt.com>

https://www.etsy.com/shop/GoForFelt?ref=pr_shop_m


Zuzana Golierova opnaði Wool Gallery í Vík í Mýrdal sumarið 2015 og árin 2016 og 2017.

Galleríið er opið yfir sumarið. Allt er þetta mjög fallegt og áhugavert hjá henni. Galleríið er nú opið til lok ágúst 2017.

Hægt er að finna TheWool galleríið Vík í Mýrdal he Víkurbraut 21, 870 Vík í Mýrdal. GPS 63 ° 19 ° 24.841'N 01.119'W

Eða Facebook:

<https://www.facebook.com/woolgalleryvik>



Tekið af vef Vegagerðarinnar

verslunarmannahelgin 2017, bílar/sólarhring

Veðurstöð	föstud	laugard	sunnud	mánud	samtals
Reynisfjall	4246	4041	4274	4261	16822
Mýrdalssandur	2382	2290	2404	2580	9656
Við Lómagnúp	2274	2256	2354	2446	9330
Hvalnes	1254	1136	1314	1391	5095
Steiti	730	699	764	801	2994
Fagridalur	1611	1463	1281	1392	5747
Brattabrekka	1731	965	1164	1655	5515
Vatnaleið	1417	1352	1335	1531	5635
Klettháls	593	494	463	557	2107
Ögur	802	508	594	738	2642
Holtavöruheiði	3613	2020	2392	3261	11286
Héðinsfjörður	1221	1164	1275	987	4647
Öxnadalshéiði	2684	1853	2120	2549	9206
Víkurskarð	3976	3521	3589	3752	14838
Mývatnshéiði	2197	2041	2158	2316	8712
Gullfoss	3846	4166	4485	4458	16955
Grindavíkurvegur	3226	2659	2657	3295	11837

Verið velkomin á tónleika og sögusýningu.

Listaverkið För/Voyage tengir saman Vík í Mýrdal og Hull á Englandi, um leið er verkið minnisvarði um sögulega tengingu milli þjóðanna.

Sunnudaginn 13. ágúst kl. 15 mun **Simon Debruslais** trompetleikari frumflytja einleikstónverkið VOYAGE/FÖR eftir breska tónskáldið **Deborah Pritchard** á ströndinni í Vík í Mýrdal við listaverkið FÖR, en tónverkið er innblásið af lista-verki **Steinunnar Þórarinsdóttur**. Hluti af verkinu er ljóð eftir breska ljóðskáldið og listmálarann **Cliff Forshaw** og mun hann flytja það á ströndinni í Vík.



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps vill nýta þetta tækifæri til að minna enn frekar á tengslin milli Víkur og Englands og því býður sveitarstjórn íbúum og gestum til móttöku í og við nýopnað safn um skipið Skaftfelling, en eins og kunnugt er sigldi Skaftfellingur til Bretlands m.a. öll stríðsárin og áhöfn þess bjargaði þá fjölda mannlífa.

Í móttökunni mun **Arnþór Helgason** segja frá merkri sögu skipsins, en auk þess verður horft til upphafsins í sögu Víkurþorps og tengslum upphafsins við England.

Ásgeir Magnússon

Fréttatilkynning.

Frumflutningur á tónverkinu VOYAGE/ FÖR á ströndinni í Vík í Mýrdal við listaverkið FÖR eftir Steinunni Þórarinsdóttur.

Sunnudaginn 13. ágúst kl. 15 mun Simon Debruslais trompetleikari frumflytja einleikstónverkið VOYAGE/FÖR eftir breska tónskáldið Deborah Pritchard á ströndinni í Vík í Mýrdal við listaverkið FÖR.



Árið 2016 fékk breski trompetleikarinn Simon Desbruslais þá hugmynd að biðja Deborah Pritchard tónskáld að skrifa sérstaklega fyrir sig nýtt einleiks trompetverk sem væri innblásið af listaverki Steinunnar Þórarinsdóttur sem er staðsett í Hull í Bretlandi og í Vík í Mýrdal. Eitt listaverk í tveimur löndum. Verkið var afhjúpað í Hull og Vík í Mýrdal árið 2006 og vísar til 1000 ára sameiginlegrar sögu Ísland og Bretlands og er til minningar um breska sjómenn sem farist hafa við Íslandsstrendur. Simon er prófessor við háskólann í Hull og lítur á verkið sem sterka táknmynd í borginni. Verkefnið er hluti af Hull2017 menningarborg Bretlands í ár.

Samstarf Steinunnar, Simon og Deborah hófst snemma árs 2016 þegar bresku listamennirnir komu til Íslands til að upplifa verkið í Vík í Mýrdal og kynna höfundu þess og Íslandi.

Fyrri hluti tónverksins var fluttur 1. maí við listaverkið í Hull en það er staðsett við mynni Humber. Það var flutt í tengslum við tónlistarhátíð John Grant, North Atlantic Flux, en hún var hluti af Hull 2017 dagskránni.

Tónverkið verður nú flutt í fyrsta sinn í heild sinni á ströndinni í Vík og er að sögn Simon metnaðarfullsta einleiksverk á trompet sem flutt hefur verið. Það endurspeglar vináttu, samskipti og hið ólíka umhverfi Hull og Víkur í Mýrdal eins og listaverk Steinunnar gerir. Hluti af tónverkinu eru ljóð eftir breska ljóðskáldið Cliff Forshaw sem voru pöntuð sérstaklega af borgarstjórn Hull árið 2006 þegar listaverkið var afhjúpað. Cliff mun sjálfur flytja ljóðin á ströndinni í Vík.

Eftir flutninginn á tónverkinu mun Ásgeir Magnússon sveitarstjóri, fyrir hönd Mýrdalshrepps, bjóða gestum til móttöku við hið nýopnaða safn um skipið Skaftfelling sem sigldi til Bretlands í 20 ár, m.a. öll stríðsárin og áhöfn þess bjargaði þá fjölda mannlífa. Í móttökunni mun Arnþór Helgason segja frá skipinu en það var í eigu föður hans.

Simon Debruslais er þekktur einleikstrompetleikari menntaður í King's College og Royal College of Music í Bretlandi. Hann hefur spilað víða um heim og með ýmsum þekktum hljómsveitum svo sem BBC hljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Englands. Hann er deildarstjóri í háskólanum í Hull.

Tónskáldið Deborah Pritchard lærði tónsmíðar í Royal College of Music og hefur vakið heimsathygli fyrir verk sín. Deborah hefur áður samið tónverk sem eru innblásin af myndlistarverkum svo sem málverkum Maggi Hambling en það verk "Wall of Water" var flutt á sýningu Maggi Hambling í the National Gallery í London. Einnig hefur hún skrifað tónverk innblásið af verkum breska málarsins Turner. Deborah kennir tónsmíðar við háskólann í Oxford.

Cliff Forshaw er ljóðskáld og málari og kennir ljóðagerð við Háskólann í Hull.

Verkefnið er styrkt af breska listráðinu, British Arts Council, menningarborginni Hull2017, sveitarstjórn Mýrdalshrepps og breska sendiráðinu á Íslandi.

Um listamennina sem koma að verkinu FÖR/ VOYAGE:

Dr. Simon Desbruslais

Trumpet Soloist and Musicologist

Lecturer and Director of Performance, University of Hull

DPhil (Oxon.) MMus PGDip BMus (Hons)

www.simondesbruslais.com

Dr Deborah Pritchard - Composer

BMus (hons) PDOT MMus DPhil (Oxon) LGSM

<http://www.nmcrec.co.uk/composer/pritchard-deborah>

Cliff Forshaw - Poet and painter

<http://www.cliff-forshaw.co.uk/>

Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari

www.steinunnth.com